

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr.	23.4	Mótt. af ahj
Áb.m.	SPH	Úrv.aðili HS
Símtal		Tölvup.
Svarir.		Trún.mál
Málsnr. One	1605051	Fax SAS
		Fskj.

4.maí 2016

## Erindi til bæjarráðs Akraness

Efni: Krafa um gerð göngu og hjólastígs samkvæmt gildandi deiliskipulagi norðan við Vallarbraut 2

### Greinargerð:

Hæstvirt bæjarráð, vegna neðangreindra ástæðna finn ég mig knúinn til að krefjast úrbóta af hálfu bæjarins. Allt frá árinu 2006 þegar flutt var inn í Búmannaraðhúsin Vallarbraut 2-14 hefur dregist að leggja um það bil 27 metra langan göngu- og hjólastíg við norðurenda raðhúsalengjunnar.

Gildandi Skipulag gerir ráð fyrir slíkum stíg í 2 metra fjarlægð frá íbúð nr. 2. Umferð gangandi og hjólandi fólks er þarna tölverð um grasræmu þar sem engin skil eru á milli lóðar Vallarbrautar 2 og lóðar kaupstaðarins. Grasræman er jafnan niðurtroðin og virðist sem umferð gangandi fólks sé mest næst húsagaflinum þ.e.a.s á lóð sem tilheyrir Vallarbraut 2.

Ég geri ráð fyrir að ef gangstígur kæmi þarna í 2 metra fjarlægð frá húsinu myndi fólk frekar velja gangstíginn en að troða niður grasið. Það er hins vegar augljóst að slíkur gangstígur kallar á merkingu gangbrautar þvert á Vallarbraut, þótt engin krafa sé gerð um slíkt frá minni hálfu.

Ég óska einnig eftir að komið verði fyrir sorpílati á ljósastaurnum við enda raðhúsalengjunnar, því fólk virðist þurfa að losa sig við allskonar umbúðir og rusl á leið sinni til og frá miðbænum og er ég orðin langþreyttur á týnslunni.

Með von um skjótar úrbætur.

Þorsteinn Ragnarsson, Vallarbraut 2

Í ljósi þess að við íbúar Búmanna í þessari raðhúsalengju hafa frá byrjun kappkostað að halda nærumhverfi okkar snyrtilegu styðjum við eindregið erindi þetta.

Sigríður Halla Karlssdóttir Vallarbraut 4.  
 Þurðarsen Þurðarsen  
 Þurðarsen  
 Þurðarsen Davidsd.  
 Telma Þurðarsen  
 Guðrún Þórssd.  
 Juliana Þjórnadóttir.  
 Jón Trausti Þórvald.  
 Jóhann Þórðarðsson  
 Guðrún Þannesson.

— — —  
 Vallarbraut 6  
 Vallarbraut 8  
 — — —  
 Sauðbraut 10  
 — — —  
 Vallarbraut 14  
 Vallarbraut 14